

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarpið miðar að því annars vegar að færa til samræmis erfðafjárskatt af reiðufé og fasteignum. Er það gert með því að lækka skattinn af reiðufé, sem erfist, en stórhækka hann af fasteignum. Hins vegar miðar frumvarpið að því að auka tekjur erfðafjárskatts.

Undirritaðir nefndarmenn eru samþykkið því, að erfðafjárskattur sé hinn sami af hverju sem erfist, en eru hins vegar andvígir upphæð skattsins og skattþrepunum, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Flytjum við því breytingartillögur á sérstöku þingskjali varðandi þessi atriði og önnur.

Við erum samþykkið því, að nauðsyn beri til, að lög nr. 27 27. apríl 1970, um endurhæfingu, nái tilgangi sínum. Samkvæmt 7. gr. þeirra laga skal veita fé úr erfðafjárskatti til þess að koma á fót sjálfstæðum endurhæfingarstöðvum með styrkveitingu, sem nemur allt að þriðjungi stofnkostnaðar, og láni, sem nemi allt að þriðjungi stofnkostnaðar. Þótt mikið starf hafi verið unnið í endurhæfingarmálum, er margt ógert, og til þess þarf fé. En þegar rétt er um réttmæti erfðafjárskatts, verður að horfa fram hjá tilgangi erfðafjárskatts, þótt góður sé, og líta til þess, hvort sjálfur skattstofninn sé eðlilegur.

Hér er í fyrsta lagi um skatttæknilegt atriði að ræða, þ. e. hvort slíkur markaður tekjustofn sé eðlilegur, og í öðru lagi er hér um pólitískt mál að ræða. Þetta tvennt fléttast að sjálfsögðu saman.

Eitt af því, sem fært hefur verið fram sem rök með hækkuðum erfðafjárskatti, er, að þjóðfélagið taki í æ ríkari mæli að sér að tryggja lífsafkomu aldraðra og öryrkja og því sé ekki nema réttmætt, að eigur þeirra gangi að nokkru — getur orðið fast að helmingi — til ríkisins við andlát aðila. Þessi röksemd dugir að visu ekki alveg, því að menn geta dáið ungr frá nokkrum eignum.

Það er vissulega rétt, að þjóðfélagið stefnir sífellt meira inn á þessa braut, og er í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja. Hins vegar verður ekki séð, að álagningu skatta til hins opinbera sé þannig hagað, að menn eigi eitthvað ógreitt til ríkisins við andlátið og sú skuld eigi þá að greiðast. Menn hafa greitt skatta alla sína starfsævi af þeim tekjum, sem þeir hafa aflað, þar með taldar þær tekjur, sem farið hafa til eignasöfnunar, auk skatta, sem menn greiða af eignum sínum, t. d. fasteignum.

Hár erfðafjárskattur er til þess fallinn að draga úr áhuga manna til eignamyndunar. Fáir unna ríkissjóði svo mjög, að þeir vilji slíta sér út til þess eins, að ríkissjóður eignist þeim mun meira að lokinni vist þeirra hérna megin grafar.

Það er skoðun undirritaðra, að það sé æskilegt frá þjóðfélagslegu sjónarmiði, að mönnum sé gert kleift að eignast eitthvað og erfingjum þeirra gert mögulegt að halda eignum, sem þeir hafa lagt lífsstarf sitt í að mynda, oft með störfum barna sinna eða annarra náinna skyldmenna, án þess að þau störf hafi verið sérstaklega launuð. Þetta á ekki sízt við um fyrirtæki og áframhaldandi rekstur þeirra.

Erfðafjárskattur er eitt af tækjunum til að jafna allt út í meðalmennsku. Hann getur orðið þess valdandi, að erfingjar fyrirtækja geta ekki haldið rekstri þeirra áfram. Hann getur líka valdið upplausn fyrirtækja, þar sem enginn kann að vera þess megnugur að kaupa af erfingjum, sem ekki geta greitt skattinn.

Verði frumvarpið samþykkt óbreytt, er orðið nokkuð sama, hvort menn, sem ekki eiga nána ættingja, gefa eigur sínar eða ráðstafa þeim með erfðaskrá. Skatturinn er orðinn nær því hinn sami og tekjuskattur, sem lagður er á gjafafé hjá viðtakanda.

Á Íslandi er enn verið að byggja upp. Vart er hægt að tala um nokkurt stórfyrirtæki í landinu, og fæst fyrirtæki eiga eigið fjármagn, svo að heitið geti. Meðan verið er að byggja upp eigið fjármagn í eignum og fyrirtækjum, eru háir erfðafjárskattar ranglátir. Hér skilur á milli Íslands og nágrannaþjóðanna.

Undirritaðir nefndarmenn viðurkenna þörfina fyrir aukið fjármagn til endurhæfingarmála og lýsa sig reiðubúna til að fylgja skynsamlegum tillögum í þá átt. Ef sú skoðun verður ofan á, að erfðafjárskattur eigi einn að standa undir þeirri fjármögnun, teljum við vist, að tekjur hans megi auka með öðrum hætti en hér er ráðgert.

Alþingi, 12. apríl 1972.

Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir.
frsm.